

Hestamannafélagið Borgfirðingur

Félagsfundur haldinn 10. Júní 2025

Steinunn Árnadóttir bauð fundarmenn, sem voru fjölmargir, velkomna. Setti hún fundinn kl. 21:10 og fagnaði því hversu margir eru mættir. Hún gerði að tillögu sinni að Valdimar Leó Friðriksson tæki við stjórn fundarins og Kristján Gíslason ritaði fundargerð – var það samþykkt.

Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdum við boðun fundar og lögmæti hans.

Helgi Helgason tók til máls og efaðist um lögmæti fundarins þar sem einungis einn aðili hefði sagt sig úr stjórn.

Fundarstjóri fór yfir lögmætið og staðfesti það að til hans væri löglega boðað og fundarefnið rétt fram komið. Gaf svo orðið laust um vantrausttillöguna.

Hrafnhildur Sigurðardóttir tók til máls og fór yfir fjölmörg atriði í aðdraganda þessa máls og þess sem hér er til umræðu og afgreiðslu á fundinum. Taldi hún að stjórnarmenn hefðu verið undir óeðlilegum þrýstingi til að segja af sér. Eins ræddi hún um aðkomu UMBS að félaginu og hvernig henni hefði lyktað.

Þórdís Arnadóttir tók til máls og las upp tillögu um vantraust á eftirsitjandi stjórnarmenn svohljóðandi

“Félagsfundur í Hestamannafélaginu Borgfirðingi haldinn í félagsheimili félagsins 10. júní, 2025 samþykkir vantraust á þá stjórnarmenn, sem enn sitja í stjórn félagsins.

Greinargerð:

Undirritaðir flutningsmenn urðu þess varið fyrir nokkru bæði í samtölum við stjórnarmenn og lestur fundargerða að innan stjórnar Borgfirðings ríkti ekki samstaða eða traust. Einnig að þessi staða væri farin að hafa veruleg áhrif á störf stjórnarinnar. Þegar horft er lengra til baka þá koma upp atvik, sem bentu til samstarfserfiðleika innan stjórnarinnar.

Þegar það svo gerist að formaður segir af sér og í framhaldi af því fleiri stjórnarmenn var ljóst að í óefni var komið og nauðsynlegt að krefjast fundar til að koma á nýrri starfhæfri forystu í félaginu þar sem sýnt þótti að þeir sem eftir sátu, sýndu þess engin merki að við þyrfti að bregðast. Ekki síst í ljósi þess að halda á Fjórðungsmót Vesturlands á svæði félagsins og að mörgu er að hyggja í undirbúingum þess.

Það er æskilegt að samstaða sé innan stjórnar í félagi sem okkar og þó einkum, að traust ríki milli stjórnarmanna. En augljóst er að svo hefur ekki verið.

T.d. hefur komið fram að ritari stjórnar hefur tekið upp fundi stjórnar án vitneskju eða samþykkis stjórnarmanna, sem glöggst sést á því að þess er hvergi getið í fundargerðum.

Þegar við tölum um samstöðu erum við ekki að gera ráð fyrir því að öll stjórnin sé sammála um afgreiðslur mála, hinsvegar að öll stjórnin standi sama að þeim niðurstöðum sem stjórnin kemst að, og fylgi þeim eftir.

Við óskum því eftir því að sitjandi stjórnarmenn hverfi úr stjórn og að kosin verði ný stjórn, átta manna, samkvæmt lögum félagsins, sem starfi fram að næsta aðalfundi félagsins.

Marteinn Valdimarsson

Ámundi Sigurðsson

Þórarinn Reynir Magnússon

Sigurþór Óskar Ágústsson

Þórdís Arnardóttir

Auk þess undirrituðu 54 félagar áskorun um að haldinn yrði félagsfundur þar sem tekin yrði afstaða til vantrauststillögu.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna.

Til máls tók Eyþór Jón Gíslason fyrrverandi formaður. Fór hann yfir málið frá sínu sjónarhorni en samstarfið innan stjórnar var orðið óbærilegt að hans mati og því ekki annar kostur en segja sig frá formennsku.

Steinunn Árnadóttir tók til máls og ræddi samskipti sín við fráfarandi formann vegna rekstra í hverfinu og hvers vegna það hefði ratað í fundargerðir.

Ámundi Sigurðsson tók til máls og ræddi bæði rekstrarmálið og kerruplanið. Vildi hann að við hefðum gaman að starfi í félaginu. Hvatti hann félagsmenn til að samþykkja tillöguna.

Jón G Halldórsson spurði úr sæti sínu hverjir væru orðnir eftir. Samkvæmt upplýsingum

Sigríður Skúladóttir tók til máls. Taldi hún mjög sérstakt að í stjórn væru 8 manns þar sem vaninn væri með öðrum hætti. Hvatti hún til breytinga á lögum og fækkunar stjórnarmanna á næsta aðalfundi.

Halldór Sigurkarlsson tók til máls og greindi frá því að undirskriftalistinn væri dagsettur 31. Maí.

Guðrún Fjeldsteð tók til máls og fjallaði um stöðuna sem upp væri komin – ástandið væri okkur til skammar og hvatti til þess að þetta væri lagað.

Tinna Rut Jónsdóttir tók til máls. Minnti hún á það hversu gaman hefði verið í vetur – og svo ætti að vera áfram og núverandi ástand væri óþolandi.

Haukur Bjarnason tók til máls – taldi hann að dagurinn í dag væri sorgardagur. Svona félagsandi væri ekki sæmandi í neinu félagi. Vildi hann meina að árekstrar fólks í hesthúsahverfinu ætti að vera utan stjórnar félagsins.

Guðrún Fjeldsteð bað um að atkvæðagreiðsla um tillöguna yrði skrifleg og var orðið við því. Gert var fundarhlé meðan atkvæðagreiðslan var undirbúin.

Að loknu fundarhléi tók fundarstjóri til máls og greindi frá því að þeir stjórnarmenn sem eftir sátu hefðu allir sagt sig frá stjórnarstörfum. Því kemur vantraustillagan ekki til afgreiðslu.

Marteinn tók til máls og fagnaði þessari niðurstöðu.

Fundarstjóri kallaði eftir tillögum um formanns.

Haukur Þór Hauksson bauð sig fram til formanns bráðabirgðarstjórnar – ekki bárust fleiri tilnefningar og var hann því lýstur næsti formaður félagsins.

Tilnefningar til stjórnar.

Fundarstjóri las upp nöfn þeirra sem tilnefndir eru til stjórnar – eru það eftirfarandi:

Elísabeth Ýr M. Egilsdóttir

Eypór Jón Gíslason

Friðrika Ásmundsdóttir

Ísólfrur Ólafsson

Kristján Þormar Gíslason

Ólafur Axel Björnsson

Þorsteinn Hjaltason

Guðbjörg Halldórsdóttir

Birna Kristín Baldursdóttir

Harpa Sigríður Magnúsdóttir

Heiða Dís Fjeldsteð

Gert var fundarhlé meðan kosning sjö stjórnarmanna var undirbúin. Kristján Þ. Gíslason tók til máls og dró tilnefningu sína til stjórnar til baka.

Frambjóðendur kynntu sig áður en gengið var til kosninga. Tveir fundarmenn voru tilnefndir til að útteila kjörseðlum, Marteinn Valdimarsson og Magnús Magnússon.

Niðurstaða kosninga var eftirfarandi:

84 atkvæðaseðlar skiluðu sér til talningar – þar af voru 3 seðlar ógildir. Gildir athvæðaseðlar því 81. Kosningu hlutu eftirtalin:

Þorsteinn Hjaltason 79 atkvæði

Elísabeth Ýr M. Egilsdóttir 75 atkvæði

Heiða Dís Fjeldsteð 74 atkvæði

Ísólfrur Ólafsson 69 atkvæði

Eypór Jón Gíslason 68 atkvæði

Friðrika Ásmundsdóttir 66 atkvæði

Ólafur Axel Björnsson 51 atkvæði

Fundarstjóri óskai nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju og gaf síðan formanni félagsins orðið.

Haukur Þór Hauksson nýkjörinn formaður bráðabirgðastjórnar félagsins þakkaði traustið honum sýnt og jafnframt starfsmönnum fyrir sín störf og sleit fundi kl. 23:45.

Valdimar Leó Friðriksson fundarstjóri

Kristján Gíslason fundarritari